um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

I.

Megintilgangurinn með lögum um verkamannabústaði er og hefur frá öndverðu verið sá að hjálpa efnaminnstu þjóðfélagsþegnunum til að eignast þak yfir höfuð sér, og er að þeim tilgangi stefnt eftir ýmsum leiðum. Áherzla er t. d. á það lögð að haga byggingu íbúða þannig í framkvæmd, að þær verði sem ódýrastar og um leið hollar og hentugar þeim, er þeirra eiga að njóta. Eru í lögunum mörg ákvæði, sem miða í þessa átt. Eitt þeirra er það, að bygging þessara íbúða skuli jafnan boðin út, og er það að sjálfsögðu sett í því skyni að draga úr byggingarkostnaði. Í stjórnarfrumvarpinu, sem hér liggur fyrir, er þetta ákvæði um útboð fellt niður viljandi, og má það undarlegt heita, enda engin skýring á því gefin. Það er þó víst, að fyrir væntanlega íbúðarbyggjendur er þetta ekki gert. Erlendis mun slíkt ákvæði talið sjálfsagt í lögum sem þessum, og mundi þar sennilega valda hneykslun að ætla að nema það burt.

II.

Í frumvarpinu er, eins og í lögunum, svo ráð fyrir gert, að ekki njóti aðrir lána úr Byggingarsjóði verkamanna en þeir, sem tekjulægstir eru og eignaminnstir í þjóðfélaginu. Í því efni er markið sett svo lágt, að aðeins einn tíundi hluti launþega í kauptúnum og kaupstöðum getur gert sér vonir um að fá lán úr þessum sjóði. Þannig eru það einungis þeir allra fátækustu, sem rétt eiga til lána.

Ef aðstoð á að koma þessu fólki að nokkru haldi, verða byggingarlánin að vera mjög há. Þau verða að vera nærri því eins há og byggingarkostnaðurinn. Þetta hefur löggjafinn viðurkennt í orði, og sama viðurkenning kemur fram í frumvarpinu og greinargerð þess. Þar er gert ráð fyrir, að lánsfjárhæðin megi vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar og þó aldrei yfir 300 þúsund krónum. Þetta er gott, svo langt sem það nær. Gallinn er hins vegar, að ákvæðið dugir lítt, ef ekki er samtímis séð fyrir nægu fjármagni til útlána. Þar kreppir skórinn að og mun gera áfram, þótt þetta frumvarp verði að lögum.

Fyrir 20 árum námu lán byggingarsjóðsins 85% af byggingarkostnaði, en síðan hefur jafnt og þétt sigið á ógæfuhliðina, svo að síðustu árin eru lánin komin niður fyrir 50% kostnaðarverðs. Með þeirri þróun er byggingarsjóður verkamanna raunverulega hættur að gegna því meginhlutverki sínu að hjálpa þeim, sem efnahagslega eru verst settir.

Meinið liggur í því, að byggingarsjóðinn vantar tilfinnanlega fjármagn til starfsemi sinnar. Úr þeim skorti er bráð nauðsyn að bæta, og er raunar í frumvarpinu sýnd lítils háttar viðleitni í þá átt. Samkvæmt því eiga skylduframlög þeirra sveitarsjóða, sem hlut eiga að máli, svo og ríkissjóðs að hækka úr 24 kr. fyrir hvern íbúa í 40 kr. Fyrir þetta ákvæði munu árlegar tekjur byggingarsjóðsins aukast

nokkuð, ef til vill um 4—5 millj. króna, en þær verða þó eftir sem áður allsendis ófullnægjandi.

Sveitarfélög hafa mjög takmarkaða möguleika til fjáröflunar, og auk þess eru þeim lögð margs konar útgjöld á herðar af hálfu ríkisvaldsins. Þess vegna sýnist ekki sanngjarnt að heimta af þeim meira fé til byggingarsjóðsins en gert er í frumvarpinu. Um ríkissjóð gegnir nokkuð öðru máli. Þar hefði hækkunin mátt vera ríflegri en í frumvarpinu er ráðgert, og er þá höfð í huga hin brýna þörf byggingarsjóðsins. Virðist ekki óréttmætt, að ríkissjóður greiði tvöfalda þá upphæð, sem sveitarfélögin leggja fram.

Þrátt fyrir þá tekjuaukningu, sem hér er minnzt á, verður óhjákvæmilegt, að byggingarsjóðurinn taki stór lán til starfseminnar. Í því sambandi kemur mjög til greina að leita til atvinnuleysistryggingasjóðs um lán með góðum kjörum. Það virðist ekki óeðlilegt, að sá sjóður láni fé til byggingar verkamannabústaða, enda auðvelt að koma því svo fyrir, að þess lánsfjár njóti fyrst og fremst þeir félagsmenn, sem innan verkalýðssamtakanna eru.

Hjá stórum lántökum verður ekki komizt nú, eigi lög um verkamannabústaði að ná tilgangi sínum. Þess vegna hefði ekki verið úr vegi, að aðstandandi þessa frumvarps, ríkisstjórnin, hefði þegar kannað möguleika á lántökum og helzt boðað þær samtímis því, að um frumvarpið er fjallað á Alþingi. Þetta hefur verið vanrækt, og ber að harma það, því að á fjáröfluninni veltur, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra meginatriða, sem í frumvarpinu felast.

III.

Hér hefur verið bent á þann stóra ágalla frumvarpsins, að ekki er nægilega séð fyrir fé til útlána, en fjárvana íbúðabyggjendum gagnar ekkert minna en hæstu lán. Raunar er það ekki nóg, að lánin séu há, heldur verða þau einnig að veitast með góðum kjörum að öðru leyti, og skipta vaxtakjörin þar miklu máli. Stór lán verða tekjulitlum mönnum ofviða, ef vextir af þeim eru háir. Þessum vanda hafa frumvarpshöfundar smeygt fram af sér með öllu.

Vaxtahæð lána hefur alltaf verið ákveðin í lögum um verkamannabústaði. Á árunum 1946—1955 voru ársvextir 2%, en hækkuðu síðan upp í 3½%. Stóð svo þar til viðreisnarstjórnin tók við völdum árið 1960, en þá voru þeir hækkaðir upp í 6%. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni lækkun þessara háu viðreisnarvaxta, heldur er svo ákveðið, að Seðlabanki og ríkisstjórn skuli haga þeim að eigin geðþótta. Þetta ákvæði mun jafngilda því, að vaxtalækkun sé ekki fyrirhuguð. Þetta er einn af megingöllum frumvarpsins.

Fjögurra herbergja íbúð, byggð á vegum byggingarsjóðs verkamanna, mun vart kosta minna nú en 500 þús. kr. Ef byggjandi hennar fær hámarkslán (300 þús. kr.) úr byggingarsjóði, nema ársvextir af því 18 þús. kr., en ómakslaun og afborganir bætast þar við. Eitthvert viðbótarlán yrði slíkur byggjandi að fá annars staðar, því að eign hans sjálfs má ekki vera yfir 150 þús. kr. Þannig er augljóst, að árlegar vaxtagreiðslur þessa manns og afborganir af lánum geta tæpast orðið minni en um 30 þús. kr., og segir það sig sjálft, að slík fjárhagsbyrði vegna húsnæðis er allt of þung fjölskyldumanni, sem hefur aðeins um 70 þús. kr. árstekjur. Vextina þarf að lækka um helming að minnsta kosti frá því, sem nú er, og tryggilegast er að gera það með beinu ákvæði í lögum.

IV.

Það, sem helzt er áfátt þessu frumvarpi, hefur nú verið rakið nokkuð, og verða fluttar á sérstöku þingskjali breytingartillögur í því skyni að fá úr bætt. Í því felast að auki allmargar breytingar, sem kunna að orka tvímælis, en eru ekki stórvægilegar. Þannig er t. d. lagt til, að 150 þús. kr. fast árlegt framlag ríkissjóðs verði fellt niður. Enn fremur skulu afnumin ákvæði um, að byggingarfélög verkamanna standi á samvinnugrundvelli, að heimilt sé að stofna innlánsdeildir í sam-

bandi við byggingarsjóðinn og að lánaflokkar séu þrír. Sum þessara ákvæða eru talin að fenginni reynslu hafa litla raunhæfa þýðingu, en þar fyrir táknar afnám þeirra í sjálfu sér engar umbætur.

Meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með fjórum smábreytingum, sem ekkert snerta fyrrnefnda megingalla þess, enda undirritar einn nefndarmanna (KK) nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara.

Alþingi, 25. marz 1962.

Alfreð Gíslason.